

Borgarstjórn Reykjavíkur
17. október 2023

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að snjallvæðing umferðarljósa á höfuðborgarsvæðinu verði settar í algeran forgang við endurskoðun samgöngusáttmálans

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að beina því til nefndar um endurskoðun Samgöngusáttmálans að snjallljósastýring umferðarljósa á höfuðborgarsvæðinu verði sett í algeran forgang við endurskoðun sáttmálans. Innleidd verði allra nýjasta tækni sem byggir á miðlægu tölvukerfi sem notar infrarauðar myndavélar, radar og gervigreind til að greina alla umferð gangandi, hjólandi og akandi. Með slíkri tækni lágmarkar kerfið biðtíma allra vegfarenda með áherslu á forgang sjúkrabíla, lögreglubíla, slökkvibíla og almenningssamgangna, eykur þannig umferðarflæði og umferðaröryggi og dregur úr mengun. Sett verði tímamörk og skilyrði um að snjallvæðingu umferðarljósa á öllu höfuðborgarsvæðinu verði lokið innan árs frá endurskoðun samningsins, enda kalla þessar breytingar hvorki á flókna skipulagsvinnu né kostnaðarsama eða tímafreka mannvirkjagerð.